

ekki gert ósennilegt. Verður hér ekki talin komin fram ástæða, er heimili útbyggingu gerðarþola af jörðinni.

Af því, sem að framan greinir, þykir verða að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki ná fram að ganga.

Miðvikudaginn 19. febrúar 1941.

Nr. 74/1940. Sildarbræðslan á Norðfirði

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Verzlun Sigfúsar Sveinssonar og gagnsök

(Garðar Þorsteinsson).

Ágreiningur um gjald fyrir vörugeymslu.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jónas Thoroddsen, settur bæjarfógeti í Neskaupstað.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1940. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, er honum var dæmt að greiða í héraði, verði lækkuð niður í kr. 879.12 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu með stefnu 10 sept. 1940 og krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 4153.20 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi geymdi í húsum sínum fyrir aðaláfrýjanda 1686 poka sildarmjöls frá 24. júlí 1939 til 14. nóv. s. á. og 89 poka fiskmjöls frá 20. sept. 1939 til 15. nóv. s. á. Eftir að dómur gekk í héraði, hefur héraðsdómarinn að beiðni aðaláfrýjanda dómkvatt tvo menn til þess að meta gjald fyrir geymslu þessa. Telja matsmenn hæfilegt geymslugjald

kr. 876.12, og tjáir aðaláfrýjandi sig nú fúsan til að greiða þá fjárhæð. Gagnáfrýjandi krefst þess hins vegar, eins og í héraði, að gjaldið verði ákveðið kr. 1.50 fyrir smálest um hverja viku geymslutímans.

Í málinu er ekki upplýst, að varan hafi verið afhent gagnáfrýjanda til geymslu með nokkra ákveðna skipsferð fyrir augum, og jafnvel óvíst, að geymslu hafi verið beðizt í því skyni, að varan yrði flutt á skipum þeim, er gagnáfrýjandi annaðist afgreiðslu fyrir. En þótt til þess hefði verið ætlað, að varan yrði síðar flutt til útlanda á þeim skipum, þá reyndist geymslutíminn svo langur og óákveðinn, að verð það, er skipaafgreiðslur taka fyrir geymslu á vörum, hefði verið ósanngjarnt, eins og hér stóð á. Ber því að ákveða geymslugjaldið eftir því, sem sanngjarnt þykir, sbr. 5. gr. laga nr. 39 frá 1922. Verður þá aðallega höfð hliðsjón af ofangreindu mati, en með því að nokkuð meira má til þess líta en matsmennirnir hafa gert, að geymslutíminn var allsendis óákveðinn og vörurnar mátti taka fyrirvaralaust, hvenær sem var, þá þykir geymslugjaldið hæfilega ákveðið 1200 krónur. Svo verða og vextir dæmdir af þeirri fjárhæð eins og gagnáfrýjandi gerir kröfu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 600 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Sildarbræðslan á Norðfirði, greiði gagnáfrýjanda, Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, 1200 kr. með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags og samtals 600 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Neskaupstaðar 18. júlí 1940.

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Neskaupstaðar af Guðmundi Sigfússyni f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar með stefnu, birtri

3. júní s. l. fyrir Þórði Einarssyni f. h. Sildrabræðslunnar á Norðfirði, til greiðslu á kr. 4153.20 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Mál þetta var tekið fyrir í aukarétti Neskaupstaðar 5. júní s. l., og lýsti stefnandi því þá yfir, að samkvæmt frávisunardómi hæstaréttar í málinu Sildarbræðslan á Norðfirði gegn Verzlun Sigfúsar Sveinssonar, dags. 22. maí 1940, þá væri hann nú stefnandi út af kröfu þeirri, sem greindi í stefnu. Málinu var þá frestað vegna vöntunar á nefndum frávisunardómi, en tekið fyrir að nýju í aukarétti Neskaupstaðar 10. júlí s. l., og lagði þá stefnandi fram nefndan frávisunardóm, réttarskjal nr. 10 í máli þessu. Málið var síðan dómtekið sama dag, en vegna þess, að dómaranum þótti eftir dómtöku, að yfirlýsingar málsaðilja væru ekki nægilega skýrar, þá kvaddi hann þá fyrir dóm þann 18 júlí kl. 9 f. h., samkvæmt heimild í 120. gr. laga nr. 85/1936, og var málið síðan endanlega dómtekið þann dag.

Málavextir eru annars þeir, sem nú skal greina:

Á árinu 1939 afhenti Sildarbræðslan á Norðfirði stefnanda í máli þessu 1775 sk. af mjöli. Þar af hafði Hannes Jónsson, framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar, afhent stefnanda 1686 sk. af sildarmjöli þann 24. júlí 1939, en Þórður Einarsson, sem verið hefur framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar í fjarveru Hannesar Jónssonar, afhenti stefnanda 89 sk. af fiskimjöli 20. sept. 1939.

Stefnandi heldur því fram, að Verzlun Sigfúsar Sveinssonar hafi verið afhent nefnt mjöl sem afgreiðslu Eimskip á Norðfirði, og hafi það átt að flytjast út með skipum félagsins. Segist stefnandi krefjast venjulegs geymslugjalds, sem sé kr. 1.50 pr. tonn á viku. Ennfremur hefur stefnandi lagt fram í málinu vottorð, réttarskjöl nr. 6, 7, 8 og 11, frá aðalverzlunar og útgerðarfyrirtækjum í bænum, um að þau hafi allt af eða venjulega greitt í geymslugjald kr. 1.50 pr. tonn á viku af vörum, sem hafa verið í geymslu hjá afgreiðslu Eimskip á Norðfirði.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur í málinu, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða geymslugjald skv. framlögðum reikningi, sem sé skv. nefndum geymslutaxta, réttarskjal nr. 3, kr. 4153.20, ásamt 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags, og málskostnað kr. 424.80 skv. framlögðum reikningi, réttarskjal nr. 9.

Stefndur segist mótmæla kröfum stefnanda, og heldur því fram, að mjölinu hafi aldrei verið komið fyrir til geymslu hjá afgreiðslu Eimskip, heldur hafi Hannes Jónsson framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar komið 1686 sk. af sildarmjöli til geymslu hjá Verzlun Sigfúsar Sveinssonar þann 24. júlí 1939, og hafi hann samið um leigufria geymslu á nefndu mjöli, en stefndi segist sjálfur hafa komið 89 sk. af fiskimjöli til geymslu hjá stefnanda þann 20. sept. 1939, og hafi verið ósamið um leigu á þeim. Stefndur segist enn-

fremur mótmæla framlögðum vottorðum stefnanda sem óviðkomandi máli þessu. Telur stefndur, að ekki sé heimild til þess að ganga út frá geymslutaxta Eimskip, þar eð mjölinu hafi verið komið fyrir hjá V. S. S., en ekki afgreiðslunni, og beri því að reikna leiguna, ef til kemur, samkvæmt almennri húsaleigu á sambærilegum vörum í bænum. Krefst stefndur sýknunar í máli þessu, en til vara, að leigan verði látin fara eftir mati dómkvaddra manna.

Stefnandi mótmælir kröfum stefnds og heldur því fram, að hann eigi heimtingu á nefndu geymslugjaldi, hvort sem mjölinu hafi verið komið fyrir hjá V. S. S. sem verzlun eða V. S. S. sem afgreiðslu Eimskip.

Stefndur hefur einnig mótmælt þessum skilningi stefnanda á málinu.

Engir skriflegir samningar eru til um geymslu á nefndu mjöli, og var það ekki útflutt með skipum Eimskipafélags Íslands.

Rétturinn litur svo á, að þar eð engir skriflegir samningar eru til um leigu á umræddu mjöli, þá verði að líta á mál þetta samkvæmt eðli málsins, og því sem venjulegt megí telja í slíkum viðskiptum.

Hvað geymslu mjölsins viðvikur, þá verður rétturinn að líta svo á, sem það sé alveg óvenjulegt, að afgreiðslumanni stórrar skipaafgreiðslu séu afhent hátt á annað hundrað tonn af verðmætri útflutningsvöru, án þess að það sé skipaafgreiðslunni viðkomandi, en þótt svo væri, að V. S. S. hefði verið afhent umrætt mjöl til geymslu, þá álitur rétturinn, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir, að Verzlun Sigfúsar Sveinssonar færi þannig að vera í samkeppni við sína eigin skipaafgreiðslu, að hún tæki að sér vörugeymslu fyrir lægra gjald en skipaafgreiðslan. Verður því rétturinn að álíta, að Verzlun Sigfúsar Sveinssonar eigi heimtingu á sama gjaldi fyrir vörugeymslu, hvort sem hún kæmi fram sem verzlun eða skipaafgreiðsla, nema sérstakir samningar stæðu til annars.

Af framlögðum vottorðum, réttarskjöl nr. 6, 7, 8 og 11, sem stefndur hefur ekki mótmælt öðruvísi en þannig, að þau væru máli þessu óviðkomandi, telur rétturinn sannað, að afgreiðsla Eimskip á Norðfirði hafi venjulega tekið kr. 1.50 pr. tonn á viku fyrir vörugeymslu, og að segja megí, að hér hafi verið um fastan taxta að ræða.

Álitur því rétturinn skv. áðursögðum skilningi, og þar sem hér er um langan geymslutíma að ræða, að leggja verði nefndan geymslutaxta til grundvallar í máli þessu, og tekur því hvorki sýknukröfu stefnds eða kröfu hans um það, að leigan verði látin fara eftir mati dómkvaddra manna, til greina.

Hvað geymslu hinna 1686 sk. af sildarmjöli viðvikur, þá þykir þó rétt að færa hinn venjulega geymslutaxta allmikið niður, þar eð hvoru tveggja er, að hér er um mjög stórt vöruparti að ræða, og enn fremur þar eð geymsla mjölsins stendur yfir í óvenjulega

langan tíma, eða frá 24. júlí til 14. nóv. 1939. Má því ætla, að stefnandi hefði viljað gefa allverulegan afslátt frá hinum fasta taxta, ef hann hefði vitað fyrir fram, að geymslutíminn yrði svona langur. Þykir því dómaranum rétt að færa þennan reikningslið, sem er kr. 4046.40, niður um 35%, eða niður í kr. 2630,16. Hvað öðrum reikningslið nefnds reiknings viðvikur, þá þykir dómaranum rétt, þar eð aðeins er um 89 sk. af mjöli að ræða, að taka þá kröfu, kr. 106.80, að fullu til greina. Samtals tekur því rétturinn kr. 2736.96 til greina af reikningi stefnanda, með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags.

Hvað málskostnaðarreikningi stefnanda viðvikur, þá getur rétturinn ekki fallið á að taka hann til greina að fullu, þar eð stefnandi hefur ekki látið lögfræðing mæta fyrir sig í málinu. Hins vegar þykir dómaranum, með tilliti til þess, að ætla má, að stefnandi hafi fengið sér einhverja lögfræðilega aðstoð í málinu, málskostnaður hans hæfilega metinn á kr. 124.80.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þórður Einarsson f. h. Sildarbræðslunnar á Norðfirði, greiði stefnanda, Guðmundi Sigfússyni f. h. Verzlunar Sigfúsar Sveinssonar, kr. 2736,96 með 6% ársvöxtum frá 15. nóv. 1939 til greiðsludags, svo og í málskostnað kr. 124.80.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1941.

Kærumál nr. 1/1941. Dánarbú Sigurðar Jónssonar
gegn

Peter Schannong.

Kröfulýsing í dánarbú.

Dómur hæstaréttar.

Varadómari í stað Þ. E. hrd. Gunnar Thóroddsen prófessor.

Í máli þessu kærir sóknaraðili úrskurð, er Björn Þórðarson lögmaður hefur kveðið upp í skiptarétti Reykjavíkur þann 20. f. m. Bárust hæstarétti skjöl málsins með bréfi lögmanns, dags. 7. þ. m., 15. s. m. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að kröfulýsing varnaraðilja í dánarbú Sigurðar